

Drög að (1.) breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein 1. a. sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skilgreiningar.

1. *Umhverfisupplýsingar* eru upplýsingar um meginnotkun starfsstöðvar á framleiðslumagni og eftirfarandi hráefnum, orku (raforka í kwst, jarðefnaeldsneyti í lítrar/tonn, gas í m³), vatn (jarðhitavatn í m³, kalt vatn í m³), önnur hráefni (massi), úrgang (magns spilliefna og annars úrgangs) og eftir því sem við á, útstreymisbókhald.
2. *Útstreymisbókhald* eru umhverfisupplýsingar um losun og flutning mengandi efna sem tilgreind eru í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 166/2006 frá starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka sömu reglugerðar.

2. gr.

Ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn orðast svo:

Skýrslugjöf.

Rekstraraðilar sem falla undir I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006, sbr. fylgiskjal með þessari reglugerð, skulu skila útstreymisbókhaldi til Umhverfisstofnunar. Upplýsingum skal skilað á því formi sem Umhverfisstofnun leggur til.

Ef losun á efnunum frá starfsstöð er undir þeim mörkum sem tilgreind eru í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 er Umhverfisstofnun heimilt að kalla eftir upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni og skal rekstraraðili tilgreina hvort upplýsingarnar byggja á mælingum eða mati. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um mæliaðferð eða reiknilíkan sem notað er, eftir því sem við á.

Umhverfisstofnun getur krafist endurskila teljist gögn ófullnægjandi.

Umhverfisstofnun skal hafa á vefsvæði sínu upplýsingar um Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna.

Upplýsingum skv. 1. og 2. mgr. ber að skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

3. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein 2. a. sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Umhverfisupplýsingar.

Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. I. viðauka og II. viðauka laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem hefur í för með sér losun mengandi efna skulu skila árlega umhverfisupplýsingum rafrænt til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun er heimilt að óska eftir umhverfisupplýsingum frá mengandi atvinnurekstri sem fellur undir viðauka IV laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heimilt að gefa efnanotkun og losun upp sem magn á hverja framleidda einingu. Upplýsingar þær sem fyrir koma í 1. og 2. mgr. skal gefa upp sem magntölur.

Upplýsingum skal skilað rafrænt á því formi sem Umhverfisstofnun leggur til. Setja skal upplýsingar fram á almennu máli og með því auðvelda þeim aðilum sem ekki eru kunnugir rekstrinum skilning á umhverfisupplýsingum rekstraraðila.

Umhverfisstofnun skal birta á vef sínum umhverfisupplýsingar sbr. 1. mgr. innan fjögurra vikna frá móttöku skýrslunnar. Birting skýrslna um umhverfisupplýsingar felur ekki í sér viðurkenningu Umhverfisstofnunar á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Upplýsingum skv. þessari grein ber að skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

4. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein 2. b. sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Aðgangur að upplýsingum um umhverfisupplýsingar.

Upplýsingar sem stjórn fyrirtækisins telur framleiðsluleyndarmál er ekki skylt að skila með umhverfisupplýsingum, enda séu slík atriði sérstaklega tilgreind og ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu útgefanda starfsleyfis.

5. gr.

Ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Málsmeðferð o.fl.

Um málsmeðferð og úrskurði samkvæmt reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum XVIII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um valdsvið, beitingu þvingunarúrræða og viðurlaga samkvæmt reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum XVII. og XIX. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Reglugerð um umhverfisupplýsingar.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. og 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald og reglugerð nr. 244/2009 um skil atvinnurekstrar á upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfis,- orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 126/2024 í samráðsgátt - Reglugerð um umhverfisupplýsingar.

Vísað er til máls nr. 126/2024 í samráðsgátt, reglugerð um umhverfisupplýsingar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER telur jákvætt að fella saman þessar þrjár reglugerðir til einföldunar á regluverki en veltir fyrir sér hvort allar nauðsynlegar upplýsingar úr brottföllnum reglugerðum skili sér. Í viðauka við reglugerð um skil atvinnurekstrar á upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda eru uppgefnir losunarstuðlar eldsneytis og hráefna, auk reikniaðferða til að finna út losun og meta óvissu. Í reglugerð um grænt bókhald eru leiðbeiningar um framsetningu á upplýsingum m.a. varðandi hvaða mælieiningar eigi að nota fyrir hvern umhverfispátt. Ný reglugerð um umhverfisupplýsingar mun ekki innihalda þessar upplýsingar en HER telur að skoða þurfi hvort æskilegt sé bæta þeim við sem viðauka eða bæta við grein um að þessar upplýsingar verði settar í leiðbeiningar sem UST muni gefa út til rekstraraðila.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri